



2, 8.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

Júlí 1907.

S Ö N G U R.

Hvað er ánægjulegra en fagur söngur? Og hvað hrífur mannssálina betur og göfugar af öllu því, sem mannlegt er, en hann? Hann er í einu eitthvert göfugasta og sterkasta lyftiaflað, sem við eignum. Hið lága og ljóta verður svo ljótt og við-bjóðslegt, þegar mannssálín er undir áhrifum hans. En hið góða og göfuga hinsvegar svo dýrðlegt og girnilegt.

Ætti þá ekki hver sá, sem ant er um göfgun þjóðar sinnar, að láta sér hugarhaldið um það, að hún leggi rækt við sönginn og læri að syngja? Það virðist vera svo.

En ef okkar þjóð á að nema vel söng, og ef henni á að verða ant um sönglegra framför, og ef söngurinn á að verða henni lyftistöng siðmenningar, þá þurfa ungmennin að læra að syngja og hafa ánægju af því. Það byrjar enginn fullorðinn að syngja, sem ekki hefur numið það barn eða unglings. Þess vegna er deginum ljósara, hvar byrja skal,—ekki á hinum eldri, er bráðum þagna, heldur á hinum yngri, er framtíðina eiga og bráðum hafa orðið.

Syngjandi ungmenni er sigrandi þjóð. Það leggur enginn her þegjandi út í orrustu, heldur knúinn áfram af töfrasprota

söngsins. Og því meir þrútið sem brjóst hvers hermanns er af söng, því sigursælli er herinn. Þjóðin okkar á að vera á sigurleið. Hún þarf þá að verða syngjandi. Hver hermaður í herfylkingunni íslensku má þá ekki að eins raula eða kveða, þó það vitanlega sé mun betra en að þegja, heldur verður hann að syngja, og eiga góðan óm-botn í brjósti sér. Hann heldur ekki söngnum í sér, heldur lætur hann kveða við hreinan og sterkan og fjörugan. Þá fellur hver rödd samstilt saman og verður að söng—*að íslenskum bjóðsöng*, er lyftir og ber áfram alla, stór og sterkur, alt eins og lækirnir litlu fallast í faðma í fljótinu mikla og þunga, er ryður sér göng í gljúfrum, en með auknu afli stekkur ofan—og stendur.

En óm-botninn þarf í æskunni að myndast og lagast og fá í sig hinn rétta hljóm, léttan og mjúkan. Einmitt á þeim tíma á að leggja undirstöðurnar, er seinna á að byggja ofan á, eða byrja það, er seinna á að þroskast og fullkomnast. Og á því riður, að tíminn sé notaður vel. Á því riður, að æskulýðnum sé komið til þess að syngja. Alt, sem í þá átt er gert, er til ómettanlegs gagns fyrir hann, en þá um leið fyrir alla þjóðina.

Það er gott og blessað, að ungmennin læri að leika á hljóðfæri. Enda er talsvert kappsamlega að því unnið. Áhugi er mikill fyrir því hjá fjölda foreldra. Hljóðfæri eru keypt handa börnunum undir eins og nokkur tök eru á, og kennarar fengnir. Enda fjölgar þeim óðum. Hópurinn þegar orðinn álitlegur.

En svo virðist sem tískan sé sterkasta aflið, er knýi hér áfram. Það er síður í landinu, að ungmennin læri að leika á hljóðfæri. Og sjálfsagt er að fylgjast með. Ekki væri fallegt af landanum að vera eftirbátur annarra í þeirri list.

Engum skal hallmælt fyrir það, þó hann láti tískuna vera sér hvöt hér. Tískan er góð, þegar hún miðar í rétta átt, eða kennir fólk að gera það, sem það á að gera, eins og hér á sér stað.

En það skal tekið fram, og þarf að gerast greinilega, að illa er farið, ef mest áhersla er lögð á listina að leika á hljóðfæri þau, sem mennirnir hafa búið til, en listin er vanrækt, sem enn þá meira er í varið: að leika á hljóðfærið, sem guð hefur gefið okkur mönnunum — á *hljóðfærið i hálsinum á okkur*. Eða

er ekki skömm að því að nota það ekki og láta það fyrir það verða ónýtt, rétt eins og ekkert væri í það varið eða svo miklu ógöfugra en hljóðfærin hin?

Því miður brennur þetta við hjá okkur. Við álitum ekki nærrí því eins nauðsynlegt fyrir unglungana að læra að syngja eins og að læra að leika á píanó eða orgel. Svo er að sjá sem álitid sé, að miklu minna sé í það varið að syngja, eða þá, að sá, sem syngja vill og söngrödd hefur, kunni að syngja og geti sungið án þess hann þurfi að æfa sig frekar en honum sýnist.

Þeir, sem unnið hafa að því að halda saman söngflokkum með reglubundnum söngæfingum, vita, hvað ervitt það hefur verið — hvað fólkid hefur verið hyskið að sækja æfingarnar og áhugalitið fyrir því að læra að syngja.

Líka er það kunnugt, hve afar fáir þeir eru, sem í rauninni vilja læra að syngja, eða finst, að þeir *burfi* á tilsogn að halda, ef þeir eigi að læra það. Og almenningsálitið hjá okkur virðist vera það, að þeir einir, sem frábæra sönhæfileika hafa, eigi að læra til söngs, aðrir ekki. Rétt eins og gáfuðustu börnin ættu að ganga í skóla, hin ekki!

Sá, sem vakið getur fólk okkar sönglega—sérstaklega unga fólkid—og komið því til að sjá, hvað nauðsynlegt og gagnlegt er fyrir það að læra að syngja, og finna til þess, hvað ánægjulegt það er, hann vinnur þjóð okkar þarf verk. Og það verk harf að vinna. En um fram alla muni: Við purfum að læra að syngja á íslensku. Íslenskan þarf að lifa í söng okkar. Við græðum á því sem *Íslendingar*. En ekki það einungis, heldur líka sem *menn*.

Kvöld hins 25. Júní síðastl. var merkisstund í sögu okkar Vestur-Íslendinga. Ekki vegna þess aðallega, að há var saman kominn í kirkju einni í Winnipeg stór hópur af íslensku söngfólk, er söng prýðis-vel—stærsti hópurinn, sem sungið hefur saman hjá okkur — og annar stórhópur af Íslendingum, sem hlustaði á með sjáanlegri ánægju—sjálfsagt stærsti hópur Íslendinga, sem nokkurn tíma hefur hjá okkur setið annað eins samkvæmi. Ekki heldur vegna þess, að hér voru saman komnar söngflokkar bæði úr Winnipeg og sunnan að frá Dakota, sem samsönginn höfðu. Auðvitað var það nýstárlegt. En annað

en þetta var það, sem gerði kvöldið sérstaklega minnisstætt og að merkis-kvöldi. Það var það, að hópurinn söng alt á íslensku. Ekki að eins það hreif, að heyra íslenskan stórflokk syngja undir fyrirmynadar-stjórn eða það, að heyra fögur lög vel sungin, heldur það líka sérstaklega, að heyra flokkinn syngja alt á íslensku. Það var eins og maður fengi yfir sig þarna *bjóðernislega skírn*.

Flest var það ungt fólk, sem söng. — Mætti raunar segja, að það hafi alt verið ungt fólk; því fólk, sem syngur, er æfin-lega ungt, hvað gamalt sem það er. — Að horfa á andlitin ungu og heyra íslenskuna koma syngjandi af vörunum ungu — það var hressing. Sá, sem þetta ritar, óskaði þá með sjálfum sér: Ó, að íslensku ungmennin okkar lærðu að syngja öll á íslensku! Þá væri þjóðerni okkar hér borgið. Við hyrfum þá aldrei sem dropi í sjóinn. — Og honum fanst, að nú væri fyrir alvöru byrjað á þessu verki, og að maðurinn, sem stæði fyrir því, séra Hans B. Thorgrímsen, ætti heiður skilið fyrir, og sömuleiðis söng-stjórar þeir, er svo drengilega hafa unnið með honum.

Vel sé „Lögbergi“ fyrir ummæli þess 11. þ. m.

Tillagan frá séra Hans, sem kom fram á síðasta kirkju-pingi, að halda hinar fyrirhuguðu árlegu söngsamkomur í sam-bandí við bandalagsþing, var ágæt. Bara hægt verði að koma henni í framkvæmd. Söngreyfingin og unglingsahreyfingin eiga saman. Utan um unglingsahreyfinguna og í henni þarf söngreyfingin að vera—taka hana eins og í fang sér og bera áfram; því syngjandi ungmenni er sigrandi þjóð.

N Y T T B L A D I VÆND U M.

A síðasta kirkjupingi var samþykt, að hætta skyldi að gefa út blaðið „Börnin“ í sambandi við „Sameininguna“ frá næstu árgangamótum „Sam.“; en að það komi út í sambandi við vænt-anlegt unglingsblað, sem bandalagsþingið langaði til að hægt yrði að gefa út. Það kaus nefnd til þess að hafa málið með höndum og ráða fram úr því. En kirkjupingið kaus aðra, er vinna skyldi með henni. Þessar nefndir komu svo saman á fund

eftir kirkjuþing. Og var á þeim fundi samþykta að gefa út hálfsmánaðar-blað með myndum fyrir börn og unglunga, er byrja skyldi að koma út með næsta nýári. Líka kaus fundurinn númerandi ritstjóra „Barnanna“ fyrir ritstjóra og ráðsmann þessa væntanlega blaðs.

Hvaða nafn á að vera á hinu nýja blaði veit enginn enn. En fallegt nafn þarf það að vera, og líka að fela í sér, að blaðið sé bæði fyrir börn og ungmenning.

Nú er þá beðið um nafn. Sérstaklega er unga fólkid beðið um það. Blaðið á að vera þess blað. Það ætti þá að gefa því nafn. En muna að láta það vera fallegt og viðeigandi.

Leitið þið nú vel og vandlega og reynið að finna gott nafn. Þeim, sem besta nafnið finnur, verður gefin að verðlaunum hin ágæta bók eftir Jón sagnfræðing Jónsson: „Gullöld Íslands“. Nafnið á að senda fyrir lok Septembermánaðar næstkomandi til séra N. Stgr. Thorlákssonar, Selkirk, Man.

En muna verður að skrifa nafn sitt og utanáskrift skýrt og greinilega. Nefndin sker úr, hvert nafnið er best.

MEGINREGLUR KENSLUNNAR.

I. regla: *Um tillögun á lexíunni.* Hún fer fram á: 1. Að kennarinn *lagi* lex. í huga sínum, raði niður kensluefninu, hugsi sér, *hvaða* atriði hann skuli kenna og *hvernig* hann skuli kenna þau. 2. Að hann *lagi* kensluna eftir þroskastigi bekkjárins, sem hann kennir, og eftir næmi nemendanna. 3. Að hann þekki hvern nemanda nægilega til þess að honum sé unt að *laga* kensluna eftir andlegum þörfum hans. 4. Að þessi tillögun á lexíunni sé í fullu samræmi við aðalsannindi þau, sem í henni eru fólgin.

II. regla: *Um samviunu.* Hún fer fram á: 1. Að kennaranum sé ant um verkið sitt og nemendur sína — sé sjálfur með. 2. Að hann haldi athygli nemendanna, ekki með nauðungar-valdli, heldur með kenslu-list sinni—fái þá til að vera með. 3. Að hann leggi alúð við að koma tornæmum nemend-

um til þess að vera með, þótt hinir greindari verði að bíða einhvern baga við það. 4. Að nemendurnir sé enga stund látnir vera aðgerðalausir. „Allur bekkurinn alt af með!“—er eina óhulta reglan hér. 5. Að samvinna sé alla vikuna frá sunnudegi til sunnudags með því að verkefni sé fengið nemendumum, sem sé við hæfi þeirra og þeir fáist til að sinna.

III. regla: *Stig af stigi.* Hún fer fram á, að kenslan sé stig af stigi og byrji með stigi því, sem nemandinn stendur á:

1. Fyrsta stigið er að komast eftir því, hvað nemandinn veit úr lex. og hvað hann ekki veit.
2. Hið næsta er að kenna fyrst þau sannindi lex., sem einföldust eru og áþreifanlegust—þau einmitt, sem næst eru þekking nemandans, eins og t. d. hvenær og hvar það gerðist, sem segir frá, og svo söguna sjálfa.
3. Síðasta stigið er að kenna andlegu og síðferðislegu sannindin, sem fólgin eru í lexíunni í heild sinni eða í sérstökum atriðum þennar.
4. Betra er að kenna *vel* helming lexíunnar, eða þá eitt hvort sannleiksatriði hennar, en að fara lauslega yfir hana alla.
5. Tengja skal hvert stig við hið næsta á undan, og aldrei taka neitt stig áfram fyrr en nemendurnir hafa skilið það, sem verið er með.

IV. regla.: *Um skýringar.* Hún fer fram á:

1. Að kennarinn noti til skýringar á lexíunni það einungis, sem gagnkunnugt er nemendumum, t. d. atriði út hverndagslifi þeirra.
2. Að hann noti skýringar þær, sem ekki þarf neina sérstaka andlega áreynslu til að heimfæra upp á efnið, sem ræða er um. Skýring, sem þarf skýringar við, nær ekki tilgangi sínum.
3. Skýringar fyrir augað eru þeim mun betri skýringum fyrir eyrað, sem sjónin er sterkari en heyrnin.
4. Hjá börnum er þörfin mest á mynda-skýringum. Hjá fullorðnum miklu minni. Barnið sér aðallega. Unglingurinn byrjar að hugsa um atriðin ýmsu út af fyrir sig.
5. Lang-bestu skýringar á lexíum úr ritningunni eru þær, sem teknar eru úr ritningunni sjálfri — staðir, menn, viðburðir og sögur. Kennarinn þarf því að kynna sér vel ritninguna.

V. regla: *Um endurtekning.* Fimm atriði verður að at-

huga í sambandi við þessa megin-reglu: 1. Sál mannsins og hjarta fær ekki haldið því, sem maðurinn kynnist að eins einu sinni og hefur lítil áhrif á hann. 2. Nemendum þykir gaman að fara aftur og aftur yfir hið sama, ef þeir eru leiddir hyggi-lega. 3. Góð bibliú-kunnáttu, hvað lítil sem hún er, er barninu bæði unun að og til gagns fyrir lífið, ef því er unt að fára sér hana í nyt undir eins. En mikið af sannleiks-molum illa lærðum verður því að kvalræði og til fyrirstöðu. 4. Hver sd.-sk. kennari skyldi byrja kenslu sína með því að fara nákvæm-lega yfir lex. næstu á undan og enda hverja kenslu-stund með því að láta nemendurna skýra stuttlega frá aðal-atriðum lexí-unnar. 5. Ef forstöðumaður sd.sk. vanrækir eða virðir að vettugi þessa gömlu kenslu-reglu, verður árangurinn sá, að nemendurnir í rauninni læra ekki neitt, hvað fyrirferðar-mikið sem skóla-starf hans kann að vera og glæsilegt á að líta.

Meginreglur þær, sem hér eru prentaðar, eru þýddar úr dá-litlu kveri fyrir sd.sk.kennara. Þær voru notaðar á síðasta sd.-sk.þingi í sambandi við kirkjuþing við samtal, sem varð nokkuð út af þeim. Tíminn reyndist ekki nógur til þess að hægt væri að tala út um þær.

Reglurnar ættu að geta orðið til gagns hverjum kennara, sem les þær með athygli og löngun til þess að læra af þeim, hvernig hann eigi að kenna. Og vegna þess eru þær prentaðar hér. Væri líka gott að taka þær fyrir á kennarafundum og tala um þær. Með því móti myndu þær skýrast betur fyrir kennur-unum. Líka gæti spunnist út af þeim gagnlegt samtal um kensluna. Ekki væri nauðsynlegt, að taka allar reglurnar fyrir á einum fundi; heldur mætti taka t. d. fyrstu regluna fyrir á einum fundi, og þá næstu á næsta fundi o. s. frv. Væri ekki úr vegi, þegar búið væri að taka þær fyrir á þennan hátt, á sérstökum fundi á eftir, að taka þær fyrir aftur allar í einu, til þess að rifja upp fyrir sér, hvað maður hafi nú lært, og líka til þess að tala saman um það, hvernig manni hafi nú gengið að fara eftir þeim, og um erviðleika, sem á því kunna að hafa orðið.

Við allir, sem fáumist við sd.sk.kenslu, finnum til þess, að við þurfum að læra. En þá þurfum við að hafa einlægan vilja

á því að læra og færa okkur það í nyt, sem getur hjálpað okkur til þess.

TIL GAMANS.

Hann fékk það.—Maður nokkur í New York var vanur um heitasta tímann að fara út á land með fjölskyldu sína til bónda nokkurs. Einu sinni skrifar hann bónda, áður en hann leggur á stað, og segir honum, að það sé ýmislegt, sem sig langi til að hann breyti, ef hann eigi að koma með fjölskylduna. Það sé nú vinnustúlkan, hún Marta. Þau hjónin kunni ekki við hana. Og svo sé það svínastílan. Það sé hreint ekki þolt að hafa hana svona nærri húsinu.

Bóni sendir svar-bréf um hæl og segir: Marta fór frá okkur í gær. En svín hafa engin verið hjá okkur síðan síðast-liðinn September að þið fóruð frá okkur.“

Það útskýrði það.—Maður nokkur vel til fara settist á bekk í skemtigarði einum. Þegar hann er búinn að sitja þar stundarkorn, tekur hann eftir drengmokka, sem liggur í grasinu örskamt frá honum grafkyrr. Manninn furðar á þessu, og hann spyr dreng, því hann liggi þarna; því hann sé ekki að leika sér með öðrum krökkum. Drengur svarar, að hann sé að bíða eftir því, að hann standi á fætur; því bekkurinn, sem hann sitji á, sé nýmálaður.

„*Sameiningin*“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „*Börnin*“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örkl. *Address* ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „*Börnin*“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. *Sigrbjörn A. Gislason* í Reykjavík er aðal-umboðsmaðr „Sam.“ á Íslandi.

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man. Canada.